



Aðalfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra

haldinn í Vinnuveri, Suðurgötu 9 á Ísafirði miðvikudaginn 24. apríl 2019 kl. 17.00.

Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf skv. reglugerð deildarinnar.

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara.

Ingólfur Þorleifsson, formaður, setti fundinn og lagði til að Óðinn Gestsson yrði kjörinn fundarstjóri og Ingi Björn Guðnason fundarritari.

Samþykkt með lófaklappi.

Óðinn tók við fundarstjórn og kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun og lögmæti fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðunina.

2. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Ingólfur Þorleifsson, formaður, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi meistaraflokks félagsins á starfsárinu sem er að líða.

Skýrsla barna- og unglingaráðs.

Birna Lárusdóttir, formaður barna- og unglingaráðs, kynnti skýrslu ráðsins og gerði grein fyrir starfi þess.

3. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins.

Harpa Guðmundsdóttir, gjaldkeri, lagði fram endurskoðaða ársreikninga og fór yfir helstu lykiltölur í rekstri deildarinnar undanfarið ár. Einnig lagði hún fram fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir árið 2019. Harpa svarði spurningum fundargesta úr sætum á meðan á kynningunni stóð og spunnust nokkrar umræður um reikningana.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslur og ársreikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar upp til samþykkis endurskoðaða ársreikninga félagsins árið 2018 og fjárhagsáætlun deildarinnar fyrir árið 2019. Samþykktir samhljóða.

4. Reglugerðarbreytingar

Engar reglugerðarbreytingar liggja fyrir fundinum.

5. Kosning formanns til eins árs

Birna Lárusdóttir og Ingi Björn Guðnason lögðu fram tillögu um Ingólf Þorleifsson sem formann. Aðrar tillögur bárust ekki. Samþykkt með lófaklappi. Ingólfur Þorleifsson er því réttkjörinn formaður körfuknattleiksdeildar Vestra til eins árs.

6. Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.

Ingólfur Þorleifsson og Ingi Björn Guðnason báru upp tillögu um að Birna Lárusdóttir og Helga Salóme Ingimarsdóttir yrðu kosnar í stjórn til tveggja ára. Aðrar tillögur bárust ekki. Samþykkt með lófaklappi.



7. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.

Birna Lárusdóttir og Ingólfur Þorleifsson lögðu fram tillögu um þrjá varamenn, þeir eru Birgir Örn Birgisson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, og Sveinn Rúnar Júlíusson. Aðrar tillögur bárust ekki. Samþykkt með lófaklappi.

8. Önnur mál

Hjalti Karlsson, formaður Vestra kvaddi sér hljóðs. Hann byrjaði á að óska deildinni til hamingju með Scania Cup titilinn sem drengjaflokkur vann síðastliðinn mánudag og með starfsskýrslu síðasta árs. Hjalti gerði grein fyrir vinnu starfshóps Vestra sem fékk það hlutverk að vinna viðbragðsáætlun, jafnréttisáætlun og siðareglur fyrir félagið. Vinna við viðbragðsáætlunina var viðamesta enda flókin og erfið mál sem þar þurfti að ræða. Á aðalfundi Vestra sem haldin verður innan fárra daga verða þessar áætlanir lagðar fram. Hjalti varpaði upp Viðbragðsáætluninni á skjávarpa og fór yfir það helsta sem þar er fjallað um. Viðbragðsáætlunin á að taka á flestu því sem kann að koma upp á í starfsemi félagsins. Hjalti nefndi að á komandi aðalfundi félagsins verður lögð fram lagabreyting þar sem fram kemur að félagið skal stofna viðbragðsteymi sem er skipað af formanni félagsins og trúnaðarmannni þess ásamt einum fulltrúa frá hverri deild. Þetta teymi á að taka við málum sem kunna að koma upp innan félagsins, og vinna eftir viðbragðsáætlunum.

Birna Lárusdóttir kvaddi sér hljóðs og bað Hjalta um að gera grein fyrir því hvernig félagði hyggðist fylgja þessu úr hlaði. Hjalti svaraði því til að vandað yrði til framsetningar á heimasíðu og í prenti. Þá yrði lögð áhersla á að koma þessum boðaksap sérstaklega til þjálfara félagsins. Einnig er til umræðu að útbúa plagöt sem vísa á ítarlegri upplýsingar sem finna má á heimasíðunni.

Birna kvaddi sér aftur hljóðs og vildi bæta því við að tilmælum yrði komið til allra deilda félagsins um að vísa til siðareglna félagsins í öllum leikmannasamningum.

Guðfinna Hreiðarsdóttir kvaddi sér hljóðs. Hún vildi sérstaklega nefna að fjórir einstaklingar, Birna Lárusdóttir, Heiðrún Tryggvadóttir, Jóna Lind Kristjánsdóttir og Hjalti sátu í hópnum sem vann viðbragðsáætlunina. Hún vildi sérstaklega hrósa þessum hópi fyrir vel unnin störf og vel heppnaða og vandaða áætlun sem tekur á erfiðum málum. Þessir fjórmennningar eigi því miklar þakkir skyldar fyrir vel unnin störf.

Fleiri tóku ekki til máls undir liðnum önnur mál.

9. Fundargerð upplesin

Fundarstjóri óskaði eftir heimild frá fundinum til að fundarritari og fundarstjóri gengju frá fundargerð.

Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri gaf nýkjörnum formanni orðið. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir sitt framlag og bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna í starfið. Að því búnu sleit hann fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:20.